


Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti			
ANR	18100036	Ábm.	AS
Málaf.	11.02.07	Aðrir	AEGB
Mótt.	19.12.2018		
Aths.			

Fjallabyggð



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Annasar Jóns Sigumundsonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík


Fjallabyggð, 18. desember 2018
Nr. erindis 1810063 /GIB

Neðangreint erindi var tekið fyrir á 169. fundi bæjarstjórnar Fjallabyggðar þann 14. desember 2018.

Bæjarstjórn óskar eftir að tekið verði tillit til eftirfarandi athugasemda við úthlutun byggðarkvóta:


Samkvæmt 2 gr. reglugerðar um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2018/2019 nr. 685/2018 getur bæjarstjórn óska eftir því við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fyrir 21. desember 2018 að sett verði sérstök skilyrði varðandi úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðalags. Þá hefur bæjarráði borist undirritað bréf frá 11 útgerðum og 4 fiskverkendum í Ólafsfirði þar sem farið er fram á að bæjarstjórn óski eftir eftirfarandi sérstökum skilyrðum varðandi úthlutun sem talin eru til þess fallin að byggðakvóti veiðist í sveitarfélaginu og verðmæti skili sér að landi, efli landvinnslu og fjölgri störfum. Í mörg ár hefur byggðakvóti ekki veiðst að fullu og því ekki skilað því sem honum er ætlað til samfélagsins. Þess má geta að á fiskveiðiarinu 2018/2019 kemur til endurúthlutunar í Ólafsfirði óveiddur byggðakvóti sem nemur 216 þorskígildistönnum. Heildarafli nemur því 714 þorskígildistönnum á fiskveiðiarinu og miklir hagsmunir í húfi fyrir samfélagið í heild að afli veiðist og skili sér í vinnslur. Ljóst er að bátar sem rétt eiga á þessum kvóta geta fæstir veitt það magn sem um er að ræða, ef þeir eiga að tvöfalda það, þ.e. skila tonni á móti tonni sbr. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar og þess því sérstaklega óskað að ákvæði reglugerðar um tonn á móti tonni falli burt. Bæjarstjórn telur mikilvægt að byggðakvóti veiðist og efli þar með landvinnslu og leiði til fjölgunar starfa í sveitarfélaginu en vinnsla í sveitarfélaginu hefur átt undir högg að sækja um langt skeið og störfum fækkað. Ef sérstök skilyrði sem þessi verða til þess að efla útgerð og vinnslu í sveitarfélaginu telur bæjarstjórn rétt að verða við óskum þeirra aðila sem að þessari atvinnugrein koma og létu sig málið varða. Þess má geta að bæjarstjórn sendi bréf til útgerða og fiskverkenda í sveitarfélaginu þar sem skorað var á aðila að koma sér saman um tillögur til úrbóta.

Bæjarstjórn samþykkir því að óska eftir eftirfarandi sérstökum skilyrðum við úthlutun byggðakvóta við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið með þeim rökum sem upp hafa verið talin: a) Við a. lið 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar er óskað eftir eftirfarandi viðbót: Afla skal skipt á milli fiskiskipa byggðarlagsins sem eru undir 1.000 brt.



rúmlestum að stærð. b) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega miðað við allan landaðan botnfiskafila í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2017 til 31. ágúst 2018, þó ekki hærra en 70.000 þorskígildiskíló pr. bát. Það sem kann að verða eftir af ónýttum kvóta 1. júní 2019, skal endurúthluta til þeirra báta sem hafa nýtt byggðakvóta sinn og uppfylla skilyrði að öðru leiti. c) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður áfram: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr. d) Ákvæði 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður áfram: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2018 til 31. ágúst 2019. e) Ákvæði 1. mgr. 6. gr. verði gerð eftirfarandi breyting: Setningin „Aflinn skal nema í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamagns sem þau fá úthlutað samkvæmt reglugerð þessari“ falli burt. f) Við ákvæði 1. mgr. 6. gr. er óskað eftir eftirfarandi viðbót: Heimil eru skipti á fiski í jöfnum ígildum milli fiskvinnslna.

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Fjallabyggðar


Gunnar Ingi Birgisson, bæjarstjóri
bæjarstjórn Fjallabyggðar